

Fundargerð

21. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 10. mars 2014 kl. 13:00 – 15:00

Mættir aðalmenn: Jón Hallsteinn Hallsson formaður, Áslaug Helgadóttir, Emma Eyþórsdóttir, Trausti Baldursson, Leo Alexander Guðmundsson og Þröstur Eysteinnsson (var í símasambandi).

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir, starfsmaður erfðalindaseturs LbhÍ sem ritaði fundargerð.

JHH setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 20. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

BKB fór yfir þau verkefni sem unnir voru á síðasta ári. Helstu verkefni voru m.a. landsáætlun um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði 2014-2018, málþingi um kartöfluna sem haldið var í samstarfi við Bygðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka, FAO skýrsla um erfðaauðlindir húsdýra, málefni geitfjárstofnsins, samningar við grasagarða og byggðasöfn, norrænt rannsóknarverkefni á erfðafjölbreytileika íslenska fjárhundsins. Farið var yfir þau verkefni sem framundan eru. EE sagði frá fundi í húsdýrahóp Nordgen sem áætlað er að halda 23.-24. apríl n.k. í Reykjavík. Rætt var um stöðu íslenska kúakynsins og að fagráð í nautgriparækt hefði áhuga á samstarfi við erfðanefnd landbúnaðarins um gerð verndaráætlunar fyrir stofninn, ekki hefði þó borist formlegt erindi til nefndarinnar. JHH ræddi um mikilvægi þess að koma upp Biobanka þar sem hægt væri að vista upplýsingar um lífsýni/erfðaeefni sem til væru, sagði að Keldur hefðu áhuga á að vera með en að finna þyrfti fjármagn. BKB sagði frá áhuga bandarískrar konu á að kaupa hafrasæði og það gæti gert okkur kleift að safna sæði næsta haust. Rætt var um styrkveitingar nefndarinnar og að það hefði ekki verið veittir styrkir til rannsókna síðan 2010.

4. Rekstur og áætlunargerð

Lagt var fram uppgjör ársins 2013 ásamt drögum að áætlun fyrir 2014. JHH skýrði reikninga.

Inneign í byrjun árs 2013 var 6.240.028 kr., þar af var framlag á fjárlögum 2013 4.400.000 kr. og gjöld alls 4.432.233 kr., inneign í lok árs var 1.807.795 kr. og þar af eru 487.500 kr. bundnar í ógreiddum lokagreiðslum styrkja. Lokaskýrsla fyrir verkefnið „Söfnun loð- og gulvíðis“ barst nefndinni og var greiddur seinni hluti styrks kr. 125.000. Drög að áætlun fyrir árið 2014 voru lögð fram. Framlag til nefndarinnar verður óbreytt frá árinu eða 4.400.000 kr. Til ráðstöfunar eru þá 5.720.295 kr. Stofnverndarframlag til verndunar geitfjástofnsins verður 1.800.000 kr. og 2.500.000 kr. vegna verksamnings við erfðalindasetur. Rætt var um breytt fyrirkomulag á styrkjum til geitfjárræktar. EE skýrði fundarmönnum frá tilurð þessa styrks, sem nær aftur til ársins 1965. ÁH lagði til að Erfðalindasetri yrði falið að gera tillögur að breytingum á framlagi til geitfjárræktar þar sem geitum hefur fjölgað og eru í dag um 850. JHH benti á að það gengi á höfuðstól nefndarinnar

5. Landsáætlun um íslenskar erfðaauðlindir 2014-2018

Handrit að nýrri landsáætlun var lagt fram og nokkrar umræður fóru fram og gerðar smávægilegar breytingar á texta. Ákveðið var að stefna að útgáfu þann 20. mars n.k. og að athugasemdir þyrftu að berast fyrir 18. mars.

6. Ársskýrsla erfðanefndar landbúnaðarins

Lögð voru fram drög að ársskýrslu erfðanefndar landbúnaðarins sem senda á til Atvinnu –og nýsköpunarráðuneytis

7. Erindi frá Landsambandi veiðifélaga

Rætt var um erindi sem nefndinni barst frá Landsambandi veiðifélaga (LV) þar sem sambandið lýsir yfir áhyggjum á stórauknu eldi á norskættuðum laxi í sjó sem valdi getur erfðamengun og þar með ófyrirsjáanlegu tjóni í íslenskum laxveiðiám. LV fer þess á leit að Erfðanefnd tjái sig um áhættu sem fylgir stórauknu laxeldi sem ógnað geti íslenskum laxastofnum. Fram kom að lög 71/2008 og reglugerð nr. 401/2012 gera ekki ráð fyrir vöktun á erfðablöndun villts lax og eldislax. Brýnt sé að tryggja vöktun á erfðablöndun og á erfðafræðilegum áhrifum laxeldis á villta stofna laxfiska.

8. Umsagnir um innflutning dýra

Fyrir liggja tvær umsóknir um innflutning á dýrum, annars vegar innflutningur á humri frá Noregi og Bretlandi, hins vegar styrjuseiðum frá Bandaríkjunum. Rætt var um starfsvið nefndarinnar og að fiskur í sjó væri ekki á starfsviði nefndarinnar. Nefndin þarf að hafa skýrt hvaða það er sem að henni snýr og veita umsagnir um innflutning á lifandi dýr sem geta haft áhrif á erfðaauðlindir í landbúnaði, að þeim forsendum gefnum að sjúkdómar berist ekki með tegundinni.

9. Önnur mál

Rætt var um að kaupa köfnunarefniskút sem geymir hafrásæði af Nautastöð BÍ, kostar hann 150 þús + vsk. ÞE taldi að skoða þyrfti betur styrkveitingar til geitfjárræktenda og að styrkja þyrfti frekar alvarlega ræktendur sem hefðu hug á að nýta geiturnar og gera við þá samning að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í dag er aðeins greiddur styrkur fyrir 20 gripi eða færri og

lækkar framlag á grip eftir því sem geitum fjölgar og svo fáir gripir í hjörð eru ekki líklegir til að stuðla að nýtingu.

Erfðalindasetri var falið að gera tillögu að samningi við geitfjárræktendur

Rætt var um fyrirspurn um kaup á 200 hafrasæðisstráum frá bandarískri konu Jo Ann Myers sem rekur búgarð, Beau Chemin Preservation Farm Waldoboro, Maine, þar sem hún ræktar dýr sem af stofnum sem eru í útrýmingahættu m.a. geitur, sauðfé og endur. Markmið hennar með kaupum er að rækta upp stofn íslenskra geita.

Rætt var um bréf til ráðuneytis varðandi verkefni erfðanefndar og fjárframlög til að nefndin geti sinnt þeim verkefnum sem henni er ætlað.

10. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur verði haldin um miðjan október 2014